

## Málsmeðferðarreglur

### siðanefndar Félags ráðgjafarverkfræðinga („FRV“)

1. Siðanefnd starfar samkvæmt 12. gr. laga FRV. Í siðanefnd sitja fimm einstaklingar, þar af einn formaður, og tveir til vara, allir skipaðir af stjórn félagsins til tveggja ára í senn. Nefndarmenn skulu ekki gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Nefndarmenn og varamenn skulu vera starfsmenn aðildarfyrirtækja FRV.

Varamaður siðanefndar skal kallaður til þegar nefndarmaður er vanhæfur eða fjarverandi lengur en svo að hægt sé að sinna meðferð erindis. Um hæfi nefndarmanna til þátttöku í meðferð einstaks máls fer eftir reglum II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

2. Lögfræðingur Samtaka iðnaðarins gegnir hlutverki ritara nefndarinnar.
3. Siðanefnd tekur ákvörðun um kvartanir aðildarfyrirtækja FRV vegna meintra brota á siðareglum félagsins, sbr. 13. gr. laga FRV.
4. Kvörtun skal berast nefndinni innan tveggja mánaða frá því að málshefjanda varð kunnugt um meint brot á siðareglum. Kvörtun skal vera skrifleg og henni skal fylgja rökstuðningur og nauðsynleg gögn um kvörtunarefnið og það aðildarfyrirtæki sem kvartað er undan. Kvörtun skal send með tölvupósti á ritara nefndarinnar.

Málsaðilar bera sjálfir þann kostnað sem þeir stofna til vegna erinda sem eru til meðferðar hjá siðanefnd.

5. Ritari nefndarinnar skal, við móttöku kvartana, ganga úr skugga um að ekki komi þar fram samkeppnislega viðkvæmar upplýsingar sem rétt er að leynt skuli fara. Slíkar upplýsingar skulu ekki berast nefndarmönnum. Farið skal með öll gögn og upplýsingar sem nefndarmenn komast yfir í störfum sínum sem trúnaðarmál.
6. Ef nefndarmenn eru einhuga um að ljúka beri máli þegar í upphafi, þar sem augljóst sé að vísa beri því frá eða það sé augljóslega ekki á rökum reist vísar nefndin máli frá. Tilkynna skal málsaðilum þegar um slíka niðurstöðu.

Nefndin skal, svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en innan 14 daga frá móttöku kvörtunar, tilkynna því aðildarfyrirtæki sem kvartað er undan um kvörtunina og gefa því kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri innan hæfilegs frests. Frestur skal metinn út frá umfangi máls en skal þó aldrei vera skemmri en 15 dagar.

Nefndin getur krafist málsaðila um frekari gögn eða aflað þeirra. Nefndin getur kallað málsaðila fyrir sig til skýrslugjafar eða munnlegs málflutnings. Skýrslur málsaðila skal bóka í aðalatriðum.

Ef málsaðili hafnar samvinnu við meðferð máls eða skilar ekki umbeðnum gögnum innan tilskilins tíma, getur siðanefnd að eigin ákvörðun annað hvort vísað erindi frá eða komist að niðurstöðu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

7. Ákvörðun siðanefndar skal liggja fyrir innan mánaðar frá því að allri gagnaöflun er lokið, nema mál sé sérstaklega umfangsmikið eða nefndin rökstyðji skriflega tafir á afgreiðslu málsins. Í slíkum tilvikum skal ákvörðun nefndarinnar liggja fyrir innan 3 mánaða. Ákvörðunum nefndarinnar skal fylgja skriflegur rökstuðningur.
8. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að siðareglur hafi verið brotnar getur nefndin veitt viðkomandi aðildarfyrirtæki skriflega áminningu. Séu sakir sérstaklega miklar, eða hafi aðildarfyrirtæki áður fengið tvær eða fleiri áminningar, er siðanefnd heimilt að víkja aðildarfyrirtæki úr FRV. Slík ákvörðun skal þó ávallt lögð fyrir stjórn FRV til samþykktar.
9. Ákvörðun um áminningu þarf samþykki einfalds meirihluta nefndarmanna en ákvörðun um brottvikningu þarf samþykki allra nefndarmanna og allra stjórnarmanna félagsins. Skjóta má ákvörðun nefndarinnar um brottrekstur undir félagsfund, sbr. 9. gr. laga FRV.
10. Siðanefnd fjallar ekki um mál sem borin hafa verið undir stjórnvöld eða dómstóla. Þá tekur siðanefnd ekki til meðferðar ágreining um háttsemi sem varðar við lög, svo sem samkeppnislög nr. 44/2005, lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993 eða lög um opinber innkaup nr. 120/2016.

Málmeðferðarreglur samþykktar á stjórnarfundi FRV 29.9.2022